

Skýrsla umdæmisféhirðis starfsárið 2010-2011

Ég var nýkomin úr náttúruskoðunarferð til Sviss þegar Óskar viðvarandi umdæmisstjóri hringdi í mig og spurði hvort ég væri til í að vera umdæmisféhirðir í eitt ár í viðbót. Ég minnti á að samningurinn sem var gerður forðum í bílferðini hljóðaði bara upp á eitt ár. En eftir koníaksfund með þáverandi umdæmisféhirðir þá ákvað ég að slá til. Undirbúningur umdæmisféhirðis fyrir starfsárið 2010-2011 tók mjög skamman tíma, þar sem fyrrverandi umdæmisféhirðir var mjög hjálpsamur. Þá kom ég einnig að undirbúningi fræðslu fyrir svæðisstjóra, komandi forseta og á umdæmisþingi.

Í október 2010 tók ég síðan við embætti umdæmisféhirðis af Atla Þórssyni kallaður Tumi. Tók ég þar við mjög góðu búi, sem mér hefur vonandi tekist að halda við. Samkvæmt ráðleggingu frá fyrrverandi umdæmisféhirðir þá ákvað verðandi umdæmisféhirðir að biðja Ómar Hauksson, Skildi Siglufirði, að halda áfram að færa bókhaldið fyrir umdæmið 2010-2011. Vil ég nota þetta tækifæri að þakka fyrir sérdælis góða samvinnu og viðkynningu. Þá var einnig ákveðið að biðja Sparisjóð Siglufjarðar um að sjá áfram um bankaviðskiptin. Því eins og spekingurinn sagði forðum „Það er óþarfi að finna hjólið upp að nýju“.

Reikningar vegna 60% umdæmisgjalda og Kiwanisfrétta voru sendir út í október og vegna 40% í apríl. Þegar þetta er skrifað þá á einn klúbbur eftir að greiða 60% og Kiwanisfréttir. Veittur var 40% afsláttur af erlendu gjöldunum eftir að greiningardeild umdæmisins sendi frá sér víðamikið álit til KI um rökstuðning fyrir lækkun á erlendum gjöldum. Miðað við viðbrögð KI við þessu álitinu verður það að teljast harla líklegt að þessi afsláttur verði veittur aftur. Á árinu tókst að láta klúbbana hreinsa upp gamlar syndir hvað varðar greiðslu á erlendum gjöldum því annars hefðu þeir átt á hættu að vera hreinsaðir út af félagaskrá KI. Tveir klúbbar eiga eftir að gera upp sín gjöld þegar þetta er skrifað.

Á þriggja mánaða fresti var skilað uppgjöri til fjárhagsnefndar umdæmisins og höfum við Óskar sloppið við að vera kallaðir fyrir. Ég tel nauðsynlegt að hafa fjárhagsnefnd til að fylgjast með fjármálum umdæmisins, það hefur veitt mér öryggi í mínum störfum. Vil ég þakka nefndarmönnum fyrir mjög svo ánægjulegt samstarf. Peningaleg staða umdæmisins er mjög góð og er staðan á veltureikningum þegar þetta er skrifað 4,5 milljónir kr.. Hefur verið hægt að borga alla reikninga á réttum tíma.

Undirritaður var kallaður til starfa til að skoða reikninga KIEF og mun það vera gert í Lúxemborg seinnipart ágústmánaðar.

Á starfstímabilinu hef ég farið í margar heimsóknir bæði í klúbba og svæðisráðstefnur sem ég hef haft mjög gaman af. Þá hef ég haft samstarf við fjöldan allan af Kiwanisfélögum og sjaldan bar skugga á. Vil ég þakka alveg sérstaklega fyrir skemmtileg kynni og gott viðmót. Þá vil ég þakka Óskari umdæmisstjóra og Hjördísi umdæmisritara alveg sérstaklega fyrir samstarfið. Þau

starfsár sem ég hef gengt starfi umdæmisfóhirðis hafa verið einstaklega ánægjuleg og sé ég ekki eftir hinu snögga svári sem ég gaf Óskari fyrir fjórum árum síðan. Nú mun ég snúa mér að því að aðstoða við uppbyggingu á nýjum og öflugum Kiwanisklúbb sem heitir Eldfell.

Takk yfir mig.

Atli Þórssón

Umdæmisfóhirðir 2010-2011